

ÚTSÝNISPALLARNIR HÖRÐUR OG GEIR

SVIÐSMYNDIR

LANDSLAGSGREINING

LANDSLAGSGREINING
HVALFJÖRÐUR

Betrum bætt ástand

Búið er að endurgera Botnskálann eða opna glististaði, veitingastaði fyrir ferðamanninn.

Atvinnuaukning styrkir Borgarfjarðarbraut gönguleiðina og hægt verður þá að ganga í báðar áttir. Tenging við gönguleiðina Leggjabrjót yfir til Þingvalla yrði svæðinu til tekna. Fleiri áningastaðir. Merkingar auknar til að auðvelda gestum og gangandi, eins til að auka gildi þeirra fallegu staða sem eru á svæðinu. Mikil uppbygging yrði í kringum Hvammsvík, Sjóböðin á Hvammsvík myndu trekkja að fleira fólk ásamt gistingunni sem þar er í boði, lúxus veitingastaður ásamt annari afþreyingu eins og kajakleigu og veiði svo dæmi séu tekin. Þannig myndi Hvalfjörður endurvekja sinn sjarma og yrði staðurinn sem fólk myndi ekki vilja missa af.

Borgarfjarðarbrautin myndi verða vinsælli gönguleið og þannig myndi fólk á svæðinu njóta góðs af því.

Tenging við Þingvelli er mikill kostur og gefur Borgarfjarðarbrautinni annan áhugaverðan vinkel, hægt yrði að skipta göngunni upp í ólíka parta.

Fjallið Þyrill gæti orðið mikilvægur áningastaður með miklum útsýnispöllum.



Mynd af útsýnispalli í Noregi

LANDSLAGSGREINING
HVALFJÖRÐUR

Ástandið til hins verra...

Rísa myndi stórt álver eða vindmyllugarður á svæðinu.

Atvinna eykst en með dýrmætum kostnaði fyrir svæðið, vistkerfin og dýralífið. Sala landsins eða önnur ástæða fyrir því að almenningur gæti ekki gengið um svæðið.

Síðan 1998 þegar Hvalfjarðargöngin voru opnuð þá lagðist margt af í dalnum og ferðamannastraumur snarminnkaði. Hefur það haft áhrif á svæðið og ef samgöngur yrðu ekki góðar eins og endurnýjun vega ofl og þá myndi svæðið algjörlega drappast niður.

Ef enginn þjónusta yrði á svæðinu.

Ef gönguleiðin yrði illfær er möguleiki á því að þessi sögulegi partur af gönguleiðinni Borgarfjarðarbraut myndi heyra sögunni til.



Hvalfjarðarbotn

LANDSLAGSGREINING
HVALFJÖRÐUR

Óbreytt ástand

Engir glistastaðir í kringum Hvalfjarðar botninn.

Hótel Glymur og Hvammsvík eru aðeins of langt frá.

Hvalfjörðurinn sem hefur stórbrotna náttúru sem nú hefur gleymst eftir að göngin komu.

Þjónustan stendur í stað og eins atvinnan.

Ferðamannastraumur stendur því í stað eða heldur áfram að minnka og erfitt er að sjá tækifæri í uppbyggingu svæðisins



Vindmyllugarður

FRAMTÍÐARSÝN

GÖNGULEIÐ


Borgarfjarðargangan er gengin bæði frá Húsafelli og að Hvalfirði og sameinast þar gönguleiðinni Leggjabrjót og er gengið til Þingvalla. Einnig er þá hægt að hefja gönguna á Þingvöllum og gengið er þá til Húsafells. Gönguleiðin lengist um einn dag og þá er gíst í botni Hvalfjarðar í hinum sögufræga Botnsskála sem hefur verið endurreistur og er þar rekið hótél, brugghús og veitingastaður ásamt baðaðstöðu.

Gönguleiðin frá Botni Hvalfjarðar og að Fitjum hefur verið lengd til suðurs og gengið er upp á nes Þyrills þar sem útsýnispallar hefur verið gerðir er þar eins og gestir staðarins svífi eins og fuglinn, útsýnið er svo mikið.

Útsýnispallarnir er líka hugsaðir til að trekkja að ferðamenn sem hugsa sér eins dags göngu. Hægt verður að ganga upp og niður sömu leiðina og þá jafnvel hægt að taka stutt stopp á veitingastaðnum.


Þjónusta verður góð á svæðinu, hægt að leigja kajak, fara í fuglaskoðunnarferðir og margt margt fleira.

Borgarfjarðarbraut er full af sögu og ramm íslensk og því liggur beinast við að tengja hana við Leggjabrjót og Þingvelli.





Planteikning af útsýnispöllumum



FERILL ÚTSÝNISPALLANA

Maðurinn eiðir um 90% af tíma sínum innandyrar en allar rannsóknir sýna að einungis 20 mínútur á dag í útivist er nóg fyrir líkamann að losa sig við streytu. Undanfarin ár hefur útivist aukist til muna á sama tíma og við erum að tímum þar sem samfélagsmiðlar spila stórt hlutverk.

Þegar horft er til annara landa í kringum okkur er hægt að gera sér í hugarlund aðdráttarafi staða eins og útsýnispallana.


Tölur frá Noregi sýna að útsýnistaðurinn Tröllatunga hefur sótt mikið í sig veðrið undanfarin en árið 2009 fóru um 500 manns út á pallinn en árið 2019 um 40.000. Samfélagsmiðlar spila héra stórt hlutverk ásamt því að útivist er að verða vinsæli og munu það bara aukast. Hægt er því að horfa til Tröllatungu og átta sig á tækifærunum sem héra eru liggja.

Veitingastaðir og hótél í nálægð við Þyrill myndu fá mikinn fjölda fólks til sín og hæglega ætti að vera hægt að reka þar fleiri þjónustustaði og atvinnan myndi aukast. Mikil uppbygging á sér stað í Hvammsvík í Hvalfirðinum og liggja tækifæri í því að vinna með þeim í uppbyggingu svæðisins.

Hægt væri að tala um Hring vestursins eins og talað erum gyllta hringinn fyrir sunnan.


Nálægð við borgina er mikil plús og væri hægt að gera sér dagsferð og njóta alls sem fjörðurinn hefur uppá að bjóða.

EFNISVAL
SJÁLFBÆRT - EINFALT
LERKI - STEYPA - GLER - PÓLÝHÚÐAÐ SVART STÁL




Snið af öðrum útsýnispallinum og part af glergöngunum

BEKKIR Á ÚTSÝNISPÖLLUM



Bekkur klæddur með Lerki
Leiðaðar 1.5" x 4"
Stoðir 2" x 4"
Pólýhúðaðir styrktar stálbitar koma undir settuna.



ÞYRILL

Þyrill er formfagur og tilkomumikill þar sem hann stendur ofan við Þyrilsnesið í botni Hvalfjarðar. Hamraveggjirnir rísa hátt yfir umhverfið og undirstrika hversu ólíkur Þyrill er öðrum fjöllum á þessum slóðum. Gangan er ekki erfið upp á topp og útsýnið er stórfenglegt yfir Botnsdalinn og Hvalfjörðinn allan. Upphafsstaður göngu er við hin nýja Botnsskála í botni Hvalfjarðar og gott pláss fyrir bíla þar ásamt veitingastað, brugghúsi og hóteli.

Gengið er um góðan stíg stíklaðan stíg. Þegar upp kemur blasa við tveir útsýnispallar í 380 m hæð. Hvort um sig fljóta þeir út um 15m, við endann eru glerveggir og er upplifunin sú að maður svífi yfir Hvalfirðinum. Á milli útsýnispallana er glergangur og er óhætt að segja að það er einungis fyrir þá huguðustu að ganga á milli pallana. Annars eru pallarnir tveir mjög rúmgóðir og frábær staður til að setjast niður og snæða á nesti og njóta útsýnisins og smella í myndatöku.

Geometrisk form pallana eru gerð út breiddargráðu Þyrills og eru horn pallana 64.36 gráður

Efst á Þyrli er útsýni yfir sögusvið einnar af Íslendingasöggunum.

Harðar saga og Hólmverja gerist í Hvalfirði og fjallar um þá fóstbræður Hörð og Geir sem koma sér í ýmis vandræði og enda að lokum í útleð í Geirshólma undan Þyrilsnesi. Þar bjuggu þeir um sig með fjölmennu liði og gerðu strandhögg víða um sveitir uns bændur náðu að ginna þá í land í Þyrilsnesi og vega þá báða ásamt megninu af þeirra liði. Helga, kona Harðar, og tveir synir komust hins vegar undan með því að synda til lands að ósum Bláskeggsár og klífa svo upp Helguskarð á Þyrli og þaðan yfir í Skorradal. Og heita útsýnispallarnir í höfuð á þeim Geir og Herði.



Pallarnir falla vil inni náttúruna





#HÖRÐUROGGEIR

